

AKUREYRARBÆR

VIÐHORF TIL VINNUSTAÐARINS: STARFSANDI OG HOLLUSTA

Hjördís Sigursteinsdóttir

Febrúar 2020



EFNISYFIRLIT

MYNDASKRÁ.....	3
INNGANGUR	4
RÍKJANDI STARFSANDI	5
ÁNÆGJA MEÐ UPPLÝSINGAFLÆÐIÐ	6
UMHYGGJA STJÓRNENDA FYRIR HEILSU OG LÍÐAN	7
STARFSANDI Á VINNUSTAÐ	8
ÉG HÆLI VINNUSTAÐNUM	9
ÉG VIL LEGGJA MIG ALLA(N) FRAM	10
ÉG TEK GAGNRÝNI UM VINNUSTAÐINN TIL MÍN	11
HOLLUSTA VIÐ VINNUSTAÐINN	12
SAMANTEKT	13

MYNDASKRÁ

Mynd 1. Er góður starfsandi ríkjandi á vinnustaðnum?.....	5
Mynd 2. Ertu ánægð(ur) með upplýsingaflæðið á vinnustaðnum?	6
Mynd 3. Bera stjórnendur umhyggju fyrir heilsu og líðan starfsfólksins?	7
Mynd 4. Starfsandinn á vinnustaðnum 2010-2019.....	8
Mynd 5. Ég hæli vinnustaðnum við vini mína?	9
Mynd 6. Á þessum vinnustað vil ég sannarlega leggja mig alla(n) fram	10
Mynd 7. Þegar einhver gagnrýnir vinnustaðinn tek ég það til mín.....	11
Mynd 8. Hollusta við vinnustaðinn 2010-2019	12

INNANGUR

Í þessari skýrslu er viðhorf til vinnustaðarins skoðað með því að horfa til spurninga um starfsanda og hollustu fyrir árin 2010, 2011, 2013, 2015 og 2019. Breytingar milli ára eru metnar og niðurstöður bornar saman við heildarniðurstöðu 19 annarra sveitarfélaga árin 2010, 2011 og 2013, 16 annara sveitarfélaga árið 2015 og 12 annarra sveitarfélaga árið 2019.


Skýrslunni er skipt upp í tíu hluta; (1) Inngangur, (2) Ríkjandi starfsandi, (3) Ánægja með upplýsingaflæðið, (4) Umhyggja stjórnenda fyrir heilsu og líðan, (5) Starfsandi á vinnustað, (6) Ég hæli vinnustaðnum, (7) Ég vil leggja mig alla(n) fram, (8) Ég tek gagnrýni um vinnustaðinn til mín, (9) Hollusta við vinnustaðinn, (10) Samantekt.

Starfsandinn var mældur með þremur spurningum; (1) „Er góður starfsandi ríkjandi á vinnustaðnum?“, (2) „Ertu ánægð(ur) með upplýsingaflæðið á vinnustaðnum?“ og (3) „Bera stjórnendur umhyggju fyrir heilsu og líðan starfsfólksins?“. Svarmöguleikar voru; Mjög sjaldan eða aldrei, fremur sjaldan, stundum, fremur oft og mjög oft eða alltaf. Svarmöguleikum voru gefin tölugildi á bilinu 1 til 5 og reiknað meðaltal þar sem hærra gildi var betra en lægra gildi. Þetta má túlka þannig að hærra meðaltal þýðir betri starfsandi á vinnustaðnum.

Hollusta var mæld með þremur staðhæfingum; (1) „Ég hæli vinnustaðnum við vini mína“, (2) „Á þessum vinnustað vil ég sannarlega leggja mig alla(n) fram“ og (3) „Þegar einhver gagnrýnir vinnustaðinn tek ég það til mín“. Svarmöguleikar voru; Alveg ósammála, fremur ósammála, hlutlaus, fremur sammála og alveg sammála. Svarmöguleikum voru gefin tölugildi á bilinu 1 til 5 og reiknað meðaltal þar sem hærra gildi var betra en lægra gildi. Þetta má túlka þannig að hærra meðaltal þýðir meiri sammála spurningum um hollustu við vinnustaðinn.

RÍKJANDI STARFSANDI

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna: „Er góður starfsandi ríkjandi á vinnustaðnum?“. Svarmöguleikar voru: Mjög sjaldan eða aldrei, fremur sjaldan, stundum, fremur oft og mjög oft eða alltaf. Reiknað var meðalskor fyrir þessa spurningu þannig að hærra gildi þýðir að viðkomandi telji oftari góðan starfsanda ríkjandi á vinnustaðnum. Meðaltalið sést ekki á mynd 1 en er notað í útreikninga fyrir niðurstöður um starfsanda á vinnustað.




Mynd 1. Er góður starfsandi ríkjandi á vinnustaðnum?

Hlutfall þeirra sem taldi mjög oft eða alltaf góðan starfsanda ríkjandi á vinnustaðnum lá á bilinu 30,7-41,2%, hæst í fyrirlögninni 2010. Í 0,8-1,7% tilvika taldi starfsfólkið að mjög sjaldan eða aldrei hafi góður starfsandi verið ríkjandi á vinnustaðnum, hlutfallið var hæst í fyrirlögninni 2013.

Horft til allra sveitarfélaga í rannsókninni þá mældist hlutfall þeirra sem taldi mjög oft eða alltaf góðan starfsanda ríkjandi á vinnustaðnum á bilinu 31,7-39,5%, hæst í fyrirlögninni 2010. Í 0,7-1,3% tilvika taldi starfsfólkið að mjög sjaldan eða aldrei hafi góður starfsanda verið ríkjandi á vinnustaðnum, hlutfallið var hæst í fyrirlögninni 2013.

ÁNÆGJA MEÐ UPPLÝSINGAFLÆÐIÐ

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna: „Ertu ánægð(ur) með upplýsingaflæðið á vinnustaðnum?“. Svarmöguleikar voru: Mjög sjaldan eða aldrei, fremur sjaldan, stundum, fremur oft og mjög oft eða alltaf. Reiknað var meðalskor fyrir þessa spurningu þannig að hærra gildi þýðir að viðkomandi var oftár ánægður með upplýsingaflæðið á vinnustaðnum. Meðaltalið sést ekki á mynd 2 en er notað í útreikninga fyrir niðurstöður um starfsanda á vinnustað.




Mynd 2. Ertu ánægð(ur) með upplýsingaflæðið á vinnustaðnum?

Hlutfall þeirra sem var mjög oft eða alltaf ánæggt með upplýsingaflæðið á vinnustaðnum lá á bilinu 15,9-18,8%, hæst í fyrirlögninni 2015. Í 2,7%-4,2% tilvika var starfsfólk mjög sjaldan eða aldrei ánæggt með upplýsingaflæðið á vinnustaðnum, hlutfallið var hæst í fyrirlögninni 2019.

Horft til allra sveitarfélaga í rannsókninni þá mældist hlutfall þeirra sem var mjög oft eða alltaf ánæggt með upplýsingaflæðið á vinnustaðnum á bilinu 16,3-19,5%, hæst í fyrirlögninni 2019. Í 3,2%-5,1% tilvika var starfsfólk mjög sjaldan eða aldrei ánæggt með upplýsingaflæðið á vinnustaðnum, hlutfallið var hæst í fyrirlögninni 2019.

UMHYGGJA STJÓRNENDA FYRIR HEILSU OG LÍÐAN

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna: „Bera stjórnendur umhyggju fyrir heilsu og líðan starfsfólksins?“. Svarmöguleikar voru: Mjög sjaldan eða aldrei, fremur sjaldan, stundum, fremur oft og mjög oft eða alltaf. Reiknað var meðalskor fyrir þessa spurningu þannig að hærra gildi þýðir að viðkomandi taldi stjórnendur oftara bera umhyggju fyrir heilsu og líðan starfsfólksins. Meðaltalið sést ekki á mynd 3 en er notað í útreikninga fyrir niðurstöður um sveigjanleika í starfi.




Mynd 3. Bera stjórnendur umhyggju fyrir heilsu og líðan starfsfólksins?

Hlutfall þeirra sem taldi stjórnendur mjög oft eða alltaf bera umhyggju fyrir heilsu og líðan starfsfólksins lá á bilinu 38,5-46,2%, hæst í fyrirlögninni 2010. Í 1,2%-3,2% tilvika taldi starfsfólk að stjórnendur bæru mjög sjaldan eða aldrei umhyggju fyrir heilsu og líðan starfsfólksins, hlutfallið var hæst í fyrirlögninni 2013.

Horft til allra sveitarfélaga í rannsókninni þá mældist hlutfall þeirra sem taldi stjórnendur mjög oft eða alltaf bera umhyggju fyrir heilsu og líðan starfsfólksins á bilinu 34,8-42,2%, hæst í fyrirlögninni 2019. Í 1,5%-2,6% tilvika taldi starfsfólk að stjórnendur bæru mjög sjaldan eða aldrei umhyggju fyrir heilsu og líðan starfsfólksins, hlutfallið var hæst í fyrirlögninni 2013.

STARFSANDI Á VINNUSTAÐ

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurningar um starfsandann á vinnustaðnum. Reiknað var meðaltal fyrir allar þrjár spurningarnar um starfsandann á vinnustaðnum þannig að hærra meðaltal þýðir fleiri sem telja starfsandann góðan á vinnustaðnum.



Mynd 4. Starfsandinn á vinnustaðnum 2010-2019


Niðurstöðurnar sýna að meðaltal fyrir starfsanda á vinnustaðnum mældist á bilinu 3,85-4,01 af 5,0 mögulegum sem túlka má að margir töldu starfsandann góðan á vinnustaðnum. Meðaltal fyrir starfsanda á vinnustað mældist lægst í fyrirlögninni 2013 og hæst í fyrirlögninni 2010.

Niðurstöðurnar sýna einnig að þegar á heildina er litið mældist starfsandinn hærri en hjá öllum sveitarfélögum í rannsókninni.

Horft til allra sveitarfélaga í rannsókninni sýna niðurstöðurnar að meðaltal fyrir starfsanda á vinnustaðnum mældist á bilinu 3,86-3,98 af 5,0 mögulegum sem túlka má að margir töldu starfsandann góðan á vinnustaðnum. Meðaltal fyrir starfsanda á vinnustað mældist lægst í fyrirlögninni 2015 og hæst í fyrirlögninni 2010.

ÉG HÆLI VINNUSTAÐNUM

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir staðhæfinguna: „Ég hæli vinnustaðnum við vini mína“. Svarmöguleikar voru: Alveg ósammála, fremur ósammála, hlutlaus, fremur sammála og alveg sammála. Reiknað var meðalskor fyrir þessa staðhæfingu þannig að hærra gildi þýðir að viðkomandi var meira sammála því að hæla vinnustaðnum við vini sína. Meðaltalið sést ekki á mynd 5 en er notað í útreikninga fyrir niðurstöður um hollustu á vinnustað.




Mynd 5. Ég hæli vinnustaðnum við vini mína?

Hlutfall þeirra sem var alveg sammála því að hæla vinnustaðnum við vini sína lá á bilinu 33,8-41,5%, hæst í fyrirlögninni 2010. Í 1,3%-2,8% tilvika var starfsfólk alveg ósammála því að hæla vinnustaðnum við vini sína, hlutfallið var hæst í fyrirlögninni 2013.

Horft til allra sveitarfélaga í rannsókninni þá mældist hlutfall þeirra sem var alveg sammála því að hæla vinnustaðnum við vini sína á bilinu 33,6-41,2%, hæst í fyrirlögninni 2010. Í 1,1%-2,0% tilvika var starfsfólk alveg ósammála því að hæla vinnustaðnum við vini sína, hlutfallið var hæst í fyrirlögnunum 2015 og 2019.

ÉG VIL LEGGJA MIG ALLA(N) FRAM

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir staðhæfinguna: „Á þessum vinnustað vil ég leggja mig alla(n) fram“. Svarmöguleikar voru: Alveg ósammála, fremur ósammála, hlutlaus, fremur sammála og alveg sammála. Reiknað var meðalskor fyrir þessa staðhæfingu þannig að hærra gildi þýðir að viðkomandi var meira sammála því að hæla vinnustaðnum við vini sína. Meðaltalið sést ekki á mynd 6 en er notað í útreikninga fyrir niðurstöður um hollustu á vinnustað.




Mynd 6. Á þessum vinnustað vil ég sannarlega leggja mig alla(n) fram

Hlutfall þeirra sem var alveg sammála því að á þessum vinnustað vildi það leggja sig alla fram lá á bilinu 56,3-63,3%, hæst í fyrirlögninni 2010. Í 0,4%-0,8% tilvika var starfsfólk alveg ósammála því að á þessum vinnustað vildi það leggja sig alla fram, hlutfallið var hæst í fyrirlögninni 2015.

Horft til allra sveitarfélaga í rannsókninni þá mældist hlutfall þeirra sem var alveg sammála því að á þessum vinnustað vildi það leggja sig alla fram á bilinu 54,0-61,8%, hæst í fyrirlögninni 2019. Í 0,5%-0,7% tilvika var starfsfólk alveg ósammála því að á þessum vinnustað vildi það leggja sig alla fram, hlutfallið var hæst í fyrirlögnunum 2011 og 2015.

ÉG TEK GAGNRÝNI UM VINNUSTAÐINN TIL MÍN

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir staðhæfinguna: „Þegar einhver gagnrýnir vinnustaðinn tek ég það til mín“. Svarmöguleikar voru: Alveg ósammála, fremur ósammála, hlutlaus, fremur sammála og alveg sammála. Reiknað var meðalskor fyrir þessa staðhæfingu þannig að hærra gildi þýðir að viðkomandi var meira sammála því að þegar einhver gagnrýnir vinnustaðinn þá tæki hann það til sín. Meðaltalið sést ekki á mynd 7 en er notað í útreikninga fyrir niðurstöður um hollustu á vinnustað.




Mynd 7. Þegar einhver gagnrýnir vinnustaðinn tek ég það til mín

Hlutfall þeirra sem var alveg sammála því að taka það til sín þegar einhver gagnrýnir vinnustaðinn lá á bilinu 25,4-30,7%, hæst í fyrirlögninni 2015. Í 3,9%-6,0% tilvika var starfsfólk alveg ósammála því að taka það til sín þegar einhver gagnrýnir vinnustaðinn, hlutfallið var hæst í fyrirlögninni 2013.

Horft til allra sveitarfélaga í rannsókninni þá mældist hlutfall þeirra sem var alveg sammála því að taka það til sín þegar einhver gagnrýnir vinnustaðinn á bilinu 26,9-31,2%, hæst í fyrirlögninni 2019. Í 3,3%-4,5% tilvika var starfsfólk alveg ósammála því að taka það til sín þegar einhver gagnrýnir vinnustaðinn, hlutfallið var hæst í fyrirlögninni 2010.

HOLLUSTA VIÐ VINNUSTAÐINN

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurningar um hollustu við vinnustaðinn. Reiknað var meðaltal fyrir allar þrjár spurningarnar um hollustu við vinnustaðinn þannig að hærra meðaltal túlkast sem meiri hollusta við vinnustaðinn.



Mynd 8. Hollusta við vinnustaðinn 2010-2019

Niðurstöðurnar sýna að meðaltal fyrir forspá um vinnuna mældist á bilinu 4,03-4,16 af 5,0 mögulegum sem túlka má að starfsfólk hafði mjög góða hollustu gagnvart vinnustaðnum. Meðaltal fyrir hollustu við vinnustaðinn mældist lægst í fyrirlögninni 2013 og hæst í fyrirlögnunum 2010 og 2019.

Niðurstöðurnar sýna einnig að þegar á heildina er litið mældist meðaltal fyrir hollustu við vinnustaðinn mjög svipað og hjá öllum sveitarfélögum í rannsókninni.

Horft til allra sveitarfélaga í rannsókninni sýna niðurstöðurnar að meðaltal fyrir forspá um vinnuna mældist á bilinu 4,04-4,16 af 5,0 mögulegum sem túlka má að starfsfólk hafði mjög góða hollustu gagnvart vinnustaðnum. Meðaltal fyrir hollustu við vinnustaðinn mældist lægst í fyrirlögninni 2013 og hæst í fyrirlögninni 2019.

SAMANTEKT

Í þessari skýrslu er viðhorf til vinnustaðarins skoðað með því að horfa til spurninga um starfsanda og hollustu fyrir árin 2010, 2011, 2013, 2015 og 2019. Breytingar milli ára eru metnar og niðurstöður bornar saman við heildarniðurstöðu 19 annarra sveitarfélaga árin 2010, 2011 og 2013, 16 annara sveitarfélaga árið 2015 og 12 annarra sveitarfélaga árið 2019. Fjallað var um ríkjandi starfsanda, ánægju með upplýsingaflæðið, umhyggju stjórnenda fyrir heilsu og líðan, starfsanda á vinnustað, ég hæli vinnustaðnum, ég vil leggja mig alla(n) fram, ég tek gagnrýni um vinnustaðinn til mín og hollustu við vinnustaðinn.

Niðurstöðurnar sýna að meðaltal fyrir starfsanda á vinnustaðnum mældist á bilinu 3,85-4,01 af 5,0 mögulegum sem túlka má að margir töldu starfsandann góðan á vinnustaðnum. Meðaltal fyrir starfsanda á vinnustað mældist lægst í fyrirlögninni 2013 og hæst í fyrirlögninni 2010. Niðurstöðurnar sýna einnig að þegar á heildina er litið mældist starfsandinn hærri en hjá öllum sveitarfélögum í rannsókninni.

Horft til allra sveitarfélaga í rannsókninni sýna niðurstöðurnar að meðaltal fyrir starfsanda á vinnustaðnum mældist á bilinu 3,86-3,98 af 5,0 mögulegum sem túlka má að margir töldu starfsandann góðan á vinnustaðnum. Meðaltal fyrir starfsanda á vinnustað mældist lægst í fyrirlögninni 2015 og hæst í fyrirlögninni 2010.

Niðurstöðurnar sýna að meðaltal fyrir forspá um vinnuna mældist á bilinu 4,03-4,16 af 5,0 mögulegum sem túlka má að starfsfólk hafði mjög góða hollustu gagnvart vinnustaðnum. Meðaltal fyrir hollustu við vinnustaðinn mældist lægst í fyrirlögninni 2013 og hæst í fyrirlögnunum 2010 og 2019. Niðurstöðurnar sýna einnig að þegar á heildina er litið mældist meðaltal fyrir hollustu við vinnustaðinn mjög svipað og hjá öllum sveitarfélögum í rannsókninni.

Horft til allra sveitarfélaga í rannsókninni sýna niðurstöðurnar að meðaltal fyrir forspá um vinnuna mældist á bilinu 4,04-4,16 af 5,0 mögulegum sem túlka má að starfsfólk hafði mjög góða hollustu gagnvart vinnustaðnum. Meðaltal fyrir hollustu við vinnustaðinn mældist lægst í fyrirlögninni 2013 og hæst í fyrirlögninni 2019.